

Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis

Nefndasvið , b.t. Kristjana Benediktsdóttir

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Végarði 08.06 2016

**Efni: Umsögn Fljótsdalshrepps um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, 673. Mál**

Eftirfarandi er afrit úr fundargerðarbók Fljótsdalshrepps, frá fundi 7. júní sl.

**6. Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð (673 mál).**

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps gerir eftirfarandi athugasemdir við framlagt frumvarp að breytingum á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð.

1. Ákvæðið um bann við utanvegaakstri er óþarft. Náttúruverndarlögin taka vel á þessum málum og ekki ástæða til að setja meira inn í þessi lög heldur en fyrir er í gildandi lögum.
2. 15 gr. c liður, ákvæði um bann við lendingu loftfara nema með sérstöku leyfi. Vatnajökulsþjóðgarður átti að styrkja við ferðamennsku á svæðinu. Með þessu ákvæði er verið að setja fótinn fyrir eina tegund hennar sem eru þyrluferðir. Ef umferð loftfara eykst í garðinum væri nær að skilgreina landingarstaði rétt eins og bílastæði eða næturhólf fyrir hesta. Á Íslandi eru í gildi lög um loftferðir og því ekki ástæða til að setja sér lög um þau í þjóðgarðinum.
3. Við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins var lögð áhersla á að stjórnarfyrrkomulag hans skyldi styðja við ákvarðanatöku heima í héraði. Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps telur að með þeirri skilgreiningu á hlutverki framkvæmdastjóra sem fram kemur í 8 gr. frumvarpsins sé gengið of langt í að færa vald til framkvæmdastjóra frá svæðisráðum, þjóðgarðsvörðum og stjórn og miðstýring aukin.
4. 18 gr. 2 mgr. Að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka ákveðnum svæðum og leiðum fyrirvaralaust. Ekki er ásættanlegt að þjóðgarðsverði sé heimilt að loka leiðum eða svæðum sem skulu vera opin samkvæmt verndaráætlun upp á sitt einsdæmi. Gera verður þá kröfu að það sé gert í samráði við svæðisráð á viðkomandi svæði.
5. Þá vill sveitarstjórn koma á framfæri þeirri skoðun sinni að eðlilegt sé að framkvæmdastjóri og skrifstofa Vatnajökulsþjóðgarðs sé staðsett í einu af því sveitarfélagi sem liggja að þjóðgarðinum og stefna eigi að því að svo verði þegar breytingar verða á starfsumhverfi framkvæmdastjóra.

Umsögn Fljótsdalshrepps um framlagt frumvarp er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst

f.h. Fljótsdalshrepps,

---

Gunnþórunn Ingólfssdóttir